



Leit í Dómasafni - nánar um dómsúrlausn

Lykilorð tengd þessum dómi

Kjarasamningur | Ráðningarsamningur | Uppsögn | Vinnulaun | Vinnuslys

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. apríl 2012 í máli nr. E-4229/2011:

Ívar Örn Hansen

(Anna Lilja Sigurðardóttir hdl.)

gegn

Grillhúsinu ehf.

(Jón R. Pálsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. mars sl., er höfðað 25. október 2011 af Ívari Erni Hansen, Skólagerði 32 í Kópavogi, gegn Grillhúsinu ehf., Tryggvagötu 20 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 579.992 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 340.000 krónum frá 1. mars 2011 til 1. apríl 2011 og af 579.992 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi er lagður verður fram við aðalflutning málsins auk virðisaukaskatts af málflytningaspóknun.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er þess krafist að stefnukrafan verði lækkuð verulega og að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

II.

Málavextir

Stefndi rekur veitingastað við gatnamót Bústaðarveggar og Reykjanesbrautar. Stefnandi var ráðinn til starfa hjá stefnda með ráðningarsamningi, dags. 1. ágúst 2010. Gegndi hann starfi vaktstjóra í eldhúsi á fyrrgreindum veitingastað. Stefnandi sagði upp starfi sínu með bréfi, dags. 8. desember 2010. Í bréfinu segir að uppsagnarfrestur samkvæmt kjarasamningi sé einn mánuður og að hann taki gildi samstundis.

Hinn 9. desember 2010 slasaðist stefnandi þegar hann var á leið frá vinnu sinni á veitingastaðnum. Í stefnu segir að hann hafi hrasað á valtri gangstéttarhellu fyrir framan Engihjalla 11. Fyrir dómi lýsti hann atvikinu þannig að hann hefði hrasað í brekku sem sé lögð hraunhellum við Engihjalla. Samkvæmt læknaþréfi, dags. 9. desember 2010, kom hann með sjúkrabíl á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss kl. 22.51 hinn 9. desember 2010, en var útskrifaður daginn eftir. Samkvæmt greiningu læknis var um tognun og ofreynslu að ræða á „aðra og ótilgreinda hluta hnés, S83.6“ og áverka „á öðrum og ótilgreindum vöðvum og sinum við læri, S76.4“.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö læknisvottorð sem stefnandi mun hafa afhent stefnda til sönnunar um óvinnufærni sína. Annað er dagsett 10. desember 2010, þar sem fram kemur að stefnandi sé óvinnufær með öllu frá þeim degi til 23. desember 2010. Síðara vottorðið er dagsett 25. janúar 2011. Þar segir að stefnandi sé óvinnufær með öllu vegna slyssins frá 1. febrúar til 1. apríl 2011.

Stefndi greiddi stefnanda laun frá slysdegi til janúarloka 2011. Stefnandi mun hafa leitað til Eflingar stéttarfélags til að athuga með frekari rétt sinn til greiðslna vegna slyssins. Með bréfi 8. mars 2011 krafði stéttarfélagið stefnda um greiðslu veikindalauna fyrir hönd stefnanda vegna febrúar 2011. Nam launakrafan fyrir þann mánuð 340.000 krónum auk orlofs að fjárhæð 34.578 krónur. Þessari kröfu var hafnað með bréfi 11. mars 2011. Um þá synjun var vísað til þess að stefnandi hefði sagt upp störfum með mánaðar fyrirvara 8. desember 2010 og að ráðningarslit hefðu því orðið 31. janúar 2011. Hefðu launagreiðslur fallið niður frá og með sama tíma. Þá var tekið fram í bréfinu að stefnandi hefði slasast á leið frá vinnu og að „lengdur veikindaréttur umfram uppsagnarfrest“ ætti ekki við í þeim tilvikum. Með bréfi Eflingar stéttarfélags var krafa stefnanda áréttuð og talið að hann ætti rétt til dagvinnulauna allt til 17. mars 2011. Með innheimtubrési lögmanns stefnanda var stefndi krafinn um greiðslu stefnufjárhæðar auk dráttarvaxta, innheimtubóknunar og annars kostnaðar. Stefnandi hefur ekki orðið við þeirri kröfu.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á ákvæðum laga og kjarasamninga Eflingar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins vegna hótél og veitingahúsa. Einnig vísar hann til launaseðla og læknisvottorða.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að samkvæmt grein 9.2.1 í fyrrgreindum kjarasamningi beri starfsmanni, sem forfallast af völdum vinnuslyss eða slyss til eða frá vinnu, réttur til dagvinnulauna í allt að þrjú mánuði, auk áunnins réttar til veikindalauna. Í ljósi starfstíma stefnanda hjá stefnda hafi heildaréttur hans verið réttur til staðgengislauna í átta daga og dagvinnulauna í allt að þrjú mánuði. Hafi stefnandi því átt rétt á launagreiðslum til 17. mars 2011. Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorðum hafi stefnandi verið óvinnufær allan þennan tíma. Stefnandi vísar í þessu sambandi einnig til 4. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms - og slysaforfalla. Þar komi fram að allt verkafólk, sem forfallist frá vinnu m.a. vegna slysa við vinnuna eða slysa á beinni leið til eða frá vinnu skuli fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að þrjú mánuði samkvæmt þeim texta sem viðkomandi tók laun eftir. Þá skírskotar stefnandi í þessu sambandi einnig til 1. gr. laga nr. 55/1980.

Stefnandi byggir á því að hvorki í lögum né gildandi kjarasamningi sé gerður greinarmunur á því hvort forföll stafi af vinnuslysi eða slysi á leið til eða frá vinnu. Samkvæmt dómafordæmi Hæstaréttar eigi starfsmaður sem slasast í vinnu á síðasta starfsdegi rétt til launa í forföllum vegna slyssins í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Sú niðurstaða grundvallist á þeim forsendum að þegar slys verði hafi ráðningarsamningur aðila verið í fullu gildi, starfsmaðurinn hafi verið enn að störfum og réttindi og skyldur aðila í fullu gildi. Það sama verði að telja að eigi við um slys til og frá vinnu.

Stefnandi gerir kröfu um greiðslu vangreiddra slysauna frá 1. febrúar til 17. mars 2011. Samkvæmt launaseðlum stefnanda hafi umsamin mánaðarlaun hans verið 340.000 krónur. Af hálfu stefnda hafi því verið haldið fram að mánaðarlaunin sem komi fram á launaseðlum séu heildarlaun með vaktálagi. Launaseðlar stefnanda beri það ekki með sér að greitt hafi verið eftir svokölluðu vaktavinnufyrirkomulagi og því hafnar stefnandi mótbárum stefnda þar að lútandi. Til þess að um vaktavinnu sé að ræða verði þau skilyrði sem fram komi í 3. kafla gildandi kjarasamnings að vera uppfyllt, þ.e. að kveðið sé á um vaktavinnu í ráðningarsamningi, og fyrir liggja starfshlutfall í samræmi við vaktaskrá, að greitt sé álag á dagvinnukaup og að starfsmaður fái vetrarfrí. Þá vísar stefnandi einnig til bókunar um vaktavinnu í nýsamþykktum kjarasamningi Eflingar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins vegna hótél og veitingahúsa. Ekki verði séð af gögnum málsins að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt.

Af hálfu stefnanda sé gerð krafa um full mánaðarlaun, 340.000 krónur, fyrir febrúarmánuð og 186.452 krónur fyrir tímabilið frá 1. til 17. mars (340.000 / 31 dag * 17 dagar). Samtals sé krafa um vangreidd slysaun að fjárhæð 526.452 krónur.

Þá gerir stefnandi kröfu um greiðslu orlofs á vangreidd slysaun. Krafa byggir á ákvæðum laga nr. 30/1987 um orlof og 5. kafla gildandi kjarasamnings. Samkvæmt 1. gr. orlofslaganna eigi allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum rétt á orlofi og orlofslaunum skv. reglum laganna. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna og ákvæði 5.1.1 í gildandi kjarasamningi skulu orlofslaun vera 10,17% af öllu kaupi. Samtals sé gerð krafa um greiðslu 53.540 króna vegna orlofs.

Krafa stefnanda er sundurliðuð þannig í stefnu:

Vangreidd slysaun

Febrúar 2011

-Full mánaðarlaun kr. 340.000,-

1. til 17. mars 2011

- 340.000 kr. / 31 dagur x 17 dagar kr. 186.452,-

Samtals kr. 526.552,-

Orlof á slysaun

526.452 kr. x 10,17% kr. 53.540,-

Samtals vangreitt**kr. 579.992,-**

Stefnandi tekur fram að hann hafi verið félagsmaður í Eflingu stéttarfélagi á því tímabili sem krafa hans hafi stofnast. Vísar hann til meginreglu vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta skv. gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Um réttindi hans sé vísað aðallega til 1., 2., 3., 4. og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Jafnframt sé vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., aðallega 1. gr., laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof, aðallega 1., 7. og 8. gr., og laga nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Byggt sé á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla ekki aðrar samningsskyldur sínar. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningnum sé greiðsluskylda stefnda ótvíræð að mati stefnanda. Um sönnun sé jafnframt vísað til stjórnunarréttar stefnda og þess að hann sé bókhaldsskyldur að lögum.

Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu með síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður hann við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt sé reist á lögum nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing sé vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann skuldi stefnanda ekki stefnufjárhæðina vegna vangoldinna slysalauna fyrir febrúar og mars 2011. Stefnandi hafi sjálfur sagt upp starfi sínu á lögum áttán hátt með samningsbundnum eins mánaðar uppsagnarfresti miðað við mánaðamót, sbr. grein 13.1 í kjarasamningi aðila. Starfi stefnanda hafi því verið lokið 1. febrúar 2011 og enginn ráðningarsamningur verið í gildi milli aðila í febrúar og mars það ár. Óumdeilt sé að uppsögnin hafi átt sér stað degi áður en stefnandi slasaðist að eigin sögn og hafi því haft réttaráhrif áður en stefnandi slasaðist.

Almennt gildi sú regla að sé ráðningarsamningi slitið með uppsögn losni báðir samningsaðilar undan skyldum sínum að loknum uppsagnarfresti. Ráðningarslitin höggvi á öll réttindi og skyldur aðila, þ.m.t. veikindaréttindi. Uppsögn stefnanda 8. desember 2010 hafi verið ákvæð sem hafi skuldbundið stefnanda á sama hátt og stefnda. Hafi stefnandi með uppsögninni viljað losna úr samningssambandi við stefnda og geta hafið störf annars staðar í febrúar 2011. Það sé ekki á ábyrgð stefnda ef stefnandi slasist eða veikist alvarlega eftir að uppsögn eigi sér stað og verði vegna þess slyss eða sjúkdóms óvinnufær eftir að kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti lýkur. Uppsögnin 8. desember 2010 hafi haft þau réttaráhrif að meginskyldur aðila, þ.e. vinnuskylda stefnanda og skylda stefnda til greiðslu launa, þ.m.t. veikindalauna, hafi fallið niður í lok uppsagnarfrests.

Af hálfu stefnda er lögð áhersla á að það sé rangt, sem haldið sé fram í bréfi Eflingar stéttarfélags frá 8. mars 2011, að stefnandi hafi orðið fyrir vinnuslysi, sem hafi veitt honum rétt til slysalauna fram yfir starfslokin. Sama misskilnings virðist gæta í læknisvottorðum. Slys stefnanda hafi ekki orðið á vinnustað hans eða í launuðum vinnutíma eða við framkvæmd vinnu.

Stefndi telur að málatilbúnaður stefnanda fái ekki staðist því engin ákvæði í lögum eða kjarasamningum geri ráð fyrir veikinda- eða slysalaunagreiðslum til launþega eftir starfslok vegna frítímaslysa eða slyss á leið til eða frá vinnustað. Þá séu tilvísanir stefnanda til ákvæða í lögum nr. 19/1979 þýðingarlausar. Þar komi hvergi fram að greiða skuli veikindalaun eftir starfslok starfsmanns, þ.e. eftir að ráðningarsamningi starfsmanns sé lokið.

Stefndi leggur áherslu á að slys sem verði á leið til og frá vinnu séu ekki vinnuslys. Hann kveður allan málatilbúnað stefnanda byggjast á því að enginn munur sé á vinnuslysum og slysum á leið til og frá vinnu. Það sé rangt. Óumdeilt sé að starfsmaður, sem sannanlega verði fyrir slysi við framkvæmd vinnu sinnar á uppsagnarfresti, geti átt rétt til veikinda- eða slysalauna fram yfir starfslokin. Stefnandi telur það hins vegar vera einu undantekninguna frá þeirri grundvallarreglu að starfslok höggvi á öll réttindi og skyldur milli aðila. Hún gildi ekki um slys eða veikindi sem tengjast ekki vinnustað starfsmanns.

Stefndi rekur framangreinda undantekningu til þess að það hafi þótt sanngjarnt og eðlilegt að launamenn sem yrðu fyrir vinnuslysi á uppsagnarfresti sínum héldu veikinda- eða slysalaunum fram yfir starfslokin ef óvinnufærni væri bein afleiðing slyss á vinnustað. Rökin fyrir þessu séu þau að atvinnurekandi beri almennt ábyrgð á að vinnuumhverfi starfsmanns á vinnustað sé fullnægjandi og geti orðið bótaskyldur ef vinnuslys stafar af ófullnægjandi vinnuaðstæðum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að enginn fræðimaður á sviði vinnuréttar hafi talið að þessi sérregla um vinnuslys gildi einnig um slys utan vinnustaðar, s.s. slys á leið til og frá vinnu. Starfsmenn ákveði sjálfir hvernig þeir ferðist milli vinnustaðar og heimilis. Á þessu ferðalagi séu þeir ekki á ábyrgð atvinnurekanda. Slys sem verði á leið til og frá vinnu séu ekki vinnuslys í skilningi laga og kjarasamninga öndvert við það sem haldið sé fram í stefnu.

Á það er bent af hálfu stefnda að stefnandi hafi þegar fengið allan áunninn rétt til staðgengislauna samkvæmt grein 9.1 í kjarasamningi greiddan og raunar gott betur. Óumdeilt sé að stefnandi hafi aðeins átt átta daga staðgengislaunarétt miðað við starfstíma sinn. Áunninn veikindaréttur stefnanda hafi verið tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð. Stefnandi hafi samt fengið greidd staðgengislaun vegna desember og janúar 2011.

Í máli þessu telur stefndi jafnframt að ósannað sé að stefnandi hafi verið á beinni leið frá vinnustað til heimilis þegar hann hafi slasast. Það sé ávallt forsenda sérstaks þriggja mánaða dagvinnulaunaréttar samkvæmt grein 9.2 í kjarasamningi aðila til viðbótar því að starfsmaður sé í ráðningarsambandi. Þetta sé ljóst af yfirlýsingu samstarfsmanns stefnanda sem lögð hafi verið fram í málinu, þar sem fram komi að stefnandi hafi ekki verið keyrður beina leið heim til sín heldur hafi stefnandi óskað eftir því að vera settur út við bensínstöð N1 við Engihjalla. Stefndi vísar hér einnig til þess að í læknabréfi frá 9. desember 2010 komi fram að stefnandi hafi slasast í Hafnarfirði við 1,5 metra fall af hraunkanti.

Þá telur stefndi að það sé ósannað að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna afleiðinga slyssins á tímabilinu frá 1. febrúar til 1. apríl 2011. Af læknabréfi frá 9. desember 2011 megi ráða að stefnandi hafi ekki verið „brotinn“ en með „vægan aukin vökva í hnéliðnum“. Vefengir stefndi gildi læknisvottorðs frá 25. janúar 2011 enda sé vottorðið ekki í samræmi við skýr ákvæði reglna nr. 586/1991 um gerð og útgáfu læknisvottorða.

Stefndi reisir varakröfu sína um lækun á kröfum stefnanda á sömu málsástæðum og aðalkröfu um sýknu. Augljóst sé að stefnandi hafi ekki átt rétt á staðgengilslaunum, þ.e. óskertum vaktavinnulaunum vegna febrúar og mars 2011. Laun stefnanda að fjárhæð 340.000 krónur á mánuði hafi verið fyrir vaktavinnu og innifalið í þeim hafi verið vaktaálag vegna vinnu á kvöldin og um helgar. Þessi föstu mánaðarlaun hafi því ekki verið hrein dagvinnulaun, eins og ljóst sé af ráðningarsamningi stefnanda. Stefnandi hafi verið ráðinn í starf vaktstjóra vinnustaðarins og hafi vaktirnar hans verið í tveggja vikna plani sem hafi endurtekið sig:

Mán.	10-22
Þri.	10-22
Mið.	frí
Fim.	frí
Fös.	10-22
Lau.	10-22
Sun.	10-22
Mán.	frí
Þri.	frí
Mið.	10-22
Fim.	10-22
Fös.	frí
Lau.	frí
Sun.	frí

Laun stefnanda að fjárhæð 340.000 krónur hafi miðast við 180 tíma vinnu í meðalmánuði á framangreindum vöktum. Unnir vaktavinnutímar stefnanda hafi verið eftirfarandi: Hrein dagvinna á dagvinnutímabili (kl. 10 til 17) hafi verið 72,25 tímar, dagvinna með 33% álagi vegna vinnu á kvöldin á virkum dögum eftir kl. 17 til kl. 22 hafi verið 53,75 tímar. Dagvinna með 45% álagi vegna vaktavinnu um helgar hafi verið 51,6 tímar. Um þessar álagsgreiðslur vegna kvöld- og helgarvinnu vísar stefndi til 3. kafla kjarasamningsins, grein 3.2.1.

Stefndi tekur fram að stefnandi hafi því unnið aðeins lítinn hluta vaktavinnu sinnar á venjulegu dagvinnutímabili, þ.e. á virkum dögum, enda hafi hann verið ráðinn vaktstjóri á veitingastað, þar sem meginhluti viðskipta fari fram á kvöldin og um helgar. Á þessum tíma sólarhrings sé veitingahúsafólki greitt vaktaálag á dagvinnulaun, sjá aftur grein 3.2.1 í kjarasamningi.

Kröfugerð stefnanda byggir hins vegar á því að 340.000 króna heildarmánaðarlaun stefnanda hafi verið umsamið dagvinnukaup. Það fái ekki staðist. Þá fái það ekki staðist að engin vaktaskrá hafi verið í gildi. Stefnandi hafi beinlínis verið ráðinn til vaktavinnu og til að stjórna veitingastað stefnda í vaktavinnu samkvæmt ráðningarsamningi. Stefnandi hafi unnið á föstum róterandi vöktum samkvæmt skýru vaktaplani sem hafi endurtekið sig á tveggja vikna fresti. Inni í föstum umsömdum mánaðarlaunum hafi verið vaktaálag samkvæmt kjarasamningi og nokkrir yfirvinnutímar. Þessi mánaðarlaun verði því ekki lögð til grundvallar sem dagvinnulaun stefnanda. Í þessu sambandi vísar stefndi til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 10 og 11/2011 og til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 66/2005.

Full mánaðarlaun stefnanda fyrir dagvinnu samkvæmt kjarasamningi hefðu verið 167.500 krónur, sjá launaflokk 6, sem gildi fyrir sérhæft starfsfólk veitinga- og gistihúsa eftir eins árs starf.

Stefndi telur að það sé ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni vegna starfsloka sinna hjá stefnda. Er þess krafist að laun eða tekjur, þ.m.t. bætur og styrkir, sem stefnandi aflaði eða hefði getað aflað á árinu 2011 komi til frádráttar kröfu hans. Þegar launamaður eigi ekki rétt til veikindalauna, t.d. á hendur fyrrum atvinnurekanda sínum

vegna starfsloka, eins og í þessu tilviki þá tekur stefndi fram að hann eigi skýlausa kröfu til slysabóta eða styrkja úr sjúkrasjóði stéttarfélags síns. Tilgangur sjúkrasjóðanna sé beinlínis að greiða veikinda- og slysalaun til launafólks, þegar veikindaréttur þess hafi verið tæmdur hjá atvinnurekanda eða veikindaréttur launamanns sé ekki lengur til staðar t.d. vegna starfsloka hans. Atvinnurekendur fjármagni sjúkrasjóðina með sérstöku gjaldi sem nemi 1% af öllum launum, sbr. 7. gr. laga nr. 19/1979 og grein 11.1 í kjarasamningi Eflingar og SA.

IV.

Forsendur og niðurstaða

Uppsögn stefnanda á ráðningarsamningi sínum við stefnda 8. desember 2010 hefði að öllu óbreyttu átt að leiða til slíta á ráðningarsambandi þeirra 31. janúar 2011. Í máli þessu er um það deilt hvort stefnandi geti átt rétt til greiðslu launa frá stefnda í lengri tíma, eða allt til 17. mars 2011, á grundvelli greinar 9.2.1 í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vegna vinnu starfsfólks í veitinga og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi. Óumdeilt er að um réttindi og skyldur stefnanda fór eftir þessum kjarasamningi.

Í grein 9.2.1 í kjarasamningnum kemur fram að við forföll starfsmanns af völdum slyss við vinnu sína eða á beinni leið til eða frá vinnu, og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi, skuli hann, auk réttar til launa í veikindum, halda dagvinnulaunum sínum í þrjú mánuði. Efnislega er ákvæðið hliðstætt 4. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla að öðru leyti en því að samkvæmt lagaákvæðinu ber að greiða dagvinnulaun í allt að þrjú mánuði samkvæmt þeim taxta sem viðkomandi tók laun eftir.

Í málinu liggur fyrir að stefnandi slasaðist er hann var á leið frá vinnu sinni hjá stefnda 9. desember 2010 eða daginn eftir að hann hafði sagt upp starfi sínu. Á þeim degi hafði stefnandi áunnið sér rétt til staðgengislauna í átta daga við slysa- og veikindaforföll samkvæmt grein 9.1.2 í kjarasamningnum. Stefndi virðist ekki hafa dregið í efa að slysið hafi átt sér stað á beinni leið frá vinnu og að stefnandi ætti því ekki aðeins rétt samkvæmt grein 9.1.2 heldur einnig samkvæmt grein 9.2.1 í kjarasamningnum, enda fékk hann greidd laun til 31. janúar 2011. Eftir sem áður mótmælir hann því núna fyrir dómi að stefnandi hafi átt rétt samkvæmt síðargreinda ákvæðinu. Aðila greinir ekki á um að stefnanda hafi verið ekið að gatnamótum Nýbýlavegar og Smiðjuvegur í Kópavogi eftir að vinnu hans lauk umræddan dag kl. 22. Kveðst hann hafa haldið þaðan fótgangandi í átt að heimili sínu að Hlíðarhalla 71, en slasast er hann rann á hellulagðri brekku við Engihjalla. Ekkert bendir til annars en að hann hafi verið á beinni leið frá vinnu sinni í umrætt sinn og ber að leggja það til grundvallar í málinu. Breytir engu í því efni þó að honum hafi ekki verið ekið upp að dyrum heima hjá sér, heldur kosið að ganga síðasta spölinn milli fjölbýlishúsanna við Engihjalla og niður að Hlíðarhalla. Með vísan til fyrirbyggjandi læknisvottorða er enn fremur upplýst að stefnandi hafi verið óvinnufær af völdum slyssins. Af þessum sökum verður að ganga út frá því að stefnandi hafi átt rétt til launa í forföllum vegna slyssins samkvæmt fyrrgreindri grein 9.2.1 í kjarasamningnum.

Í umræddum kjarasamningi er ekki vikið að því hvaða áhrif uppsögn, sem tilkynnt hefur verið áður en slys ber að höndum, hafi á rétt launþega til slysaalauna samkvæmt grein 9.2.1. Almennt veldur slík uppsögn slitum á ráðningarsambandinu við lok uppsagnarfrests og þar með brottfalli á rétti til launa, þar á meðal launa í veikinda- og slysaforföllum. Aftur á móti er óumdeilt að sú sérregla gildi, þegar vinnuslys verða á uppsagnarfresti, að viðkomandi eigi þá rétt til fullra veikindalauna óháð ráðningaslitunum. Sama gildi þegar starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi á uppsagnarfresti. Í þessum tilvikum má segja að réttarsamband atvinnurekanda og launþega framlengist þann tíma sem rétturinn varir. Þessi regla virðist meðal annars hafa verið lögð til grundvallar í dómi Hæstaréttar Íslands frá 29. mars 1999 í máli nr. 409/1998.

Í málinu greinir aðila á um gildissvið þessarar sérreglu. Stefndi telur að hún gildi ekki um slys sem verða á beinni leið til eða frá vinnu, aðeins um slys sem verða við framkvæmd vinnunnar eða þegar starfsmaður veikist af völdum atvinnusjúkdóma. Stefndi er annarrar skoðunar, ekki sé efni til að gera greinarmun á vinnuslysum og slysum sem verða á beinni leið til og frá vinnu.

Við úrlausn á þessu álitafni verður að líta til þess að uppsögn ráðningarsamnings miðar að því að báðir samningsaðilar losni undan gagnkvæmum skyldum sínum við lok uppsagnarfrests. Hvergi í lögum eða lögskýringargögnum er vikið að fyrrgreindri sérreglu. Hennar er heldur ekki getið í þeim kjarasamningi sem hér liggur til grundvallar. Ekki er ljóst hver er uppruni þessarar sérreglu. Af því sem vísað var til í munnlegum málflutningi verður þó helst ráðið að hún sé venjuhelguð regla í vinnurétti og sé á því reist að þó að réttarsambandi aðila eigi að vera lokið sé sanngjarnt að greiðsla launa haldi áfram þegar launþegi verður fyrir vinnuslysi eða veikist af atvinnusjúkdómi sem veldur óvinnufærni hans í lengri tíma en sem nemur uppsagnarfrestinum. Í umfjöllun um regluna er hvergi vikið að því að hún gildi þegar slys verða á beinni leið til eða frá vinnu, heldur vísað til þess að hún taki til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að í löggjöf hér á landi á síðari áratugum sem og í kjarasamningum hefur réttarvernd launamanna, sem verða fyrir slysi á beinni leið til og frá vinnu, verið sú sama og þegar þeir verða fyrir slysi við framkvæmd starfa sinna, sbr. fyrrgreinda 4. gr. laga nr. 19/1979, sem og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar og samsvarandi ákvæði í eldri almannatryggingalögum. Helgast það af því að ástæða slíkra ferða verður einungis rakin til vinnunnar og því rétt að leggja slys, sem starfsmaður verður fyrir í þeim, að jöfnu við slys sem verður við framkvæmd vinnunnar. Í þessu ljósi telur dómurinn að við afmörkun á gildissviði framangreindrar sérreglu um samspil uppsagnar og vinnuslysa sé ekki efni til að greina á milli eiginlegra vinnuslysa og slysa sem verða á beinni leið til og frá vinnu. Óumdeilt er að stefndi var bundinn af grein 9.2.1 í umræddum kjarasamningi þegar stefnandi slasaðist 9. desember 2010. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er fallist á með

stefnanda að hann hafi átt samningsbundinn rétt til greiðslu dagvinnulauna á grundvelli greinarinnar, óháð uppsögn samningsins.

Aðila greinir einnig á um fjárhæð dagvinnulauna stefnanda. Í ráðningarsamningi hefur verið skráð í reit með yfirskriftinni „Laun kr./mán.“ upphæðin 340.000. Það er sú fjárhæð sem stefnandi telur rétt að miða dagvinnulaun sín við. Stefndi heldur því aftur á móti fram að inni í þessari fjárhæð sé vaktálag vegna vinnu á kvöldin og um helgar. Fyrirsvarsmaður stefnda greindi einnig frá því fyrir dómi að inni í þessari fjárhæð hefði, auk vaktálags, verið vaktstjóraálag og u.þ.b. sjö tímar í yfirvinnu.

Í ráðningarsamningnum kemur fram að stefnandi hafi verið ráðinn til vaktavinnu. Fyrir dómi kannaðist stefnandi við þá tilhögun vakta sem rakin er í greinargerð stefnda. Í samningnum er einnig merkt við að stefnandi eigi að fá vaktálag. Umsamin heildarlaun voru 340.000 krónur eins og ráðningarsamningurinn ber með sér. Á launaseðlinum fyrir desember eru ekki sundurgreindir tímar í dagvinnu og vinnustundir með vaktálagi, heldur er tilgreint hlutfallið 0,5339 í mánaðarlaun og 0,4162 í mánaðarlaun í veikindum. Launataxtinn er síðan tilgreindur 340.000 krónur. Má ætla að á eldri launaseðlum hafi vaktálag ekki verið tilgreint eins og á fyrirbyggjandi launaseðlum. Ekkert liggur fyrir um að stefnandi hafi gert athugasemdir við launagreiðslur samkvæmt þeim. Þó að sundurgreiningu á launaseðli stefnanda hafi ekki að öllu leyti verið hagað í samræmi við grein 1.11.5 í fyrrgreindum kjarasamningi breytir það því ekki að umsamin laun samkvæmt ráðningarsamningi voru samkvæmt framansögðu ákveðin með vaktálagi.

Óumdeilt er að stefnandi hefur þegar fengið greidd staðgengilslaun í þá átta daga sem hann átti rétt á. Samkvæmt grein 9.2.1 í kjarasamningnum átti hann að auki rétt til dagvinnulauna í allt að þrjá mánuði frá því rétti til staðgengilslauna sleppti. Í grein 9.3 í kjarasamningnum er greint á milli staðgengilslauna, fulls dagvinnukaups og dagvinnulauna og útskýrt hvað átt er við í hverju tilviki. Fullt dagvinnukaup eru föst laun fyrir dagvinnu auk vaktálags, bónuss og annarra afkastahvetjandi eða sambærilegra álagsgreiðslna vegna vinnu miðað við átta klukkustundir á dag eða 40 klukkustundir á viku miðað við fullt starf. Dagvinnulaun eru hins vegar „föst laun miðað við dagvinnu (án bónus og hvers konar álagsgreiðslna) fyrir átta klukkustundir á dag eða 40 klukkustundir á viku miðað við fullt starf“. Af þessu leiðir að það vaktálag, sem var hluti heildarlauna stefnanda, getur ekki talist til dagvinnulauna samkvæmt grein 9.2.1 í kjarasamningnum. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að aðrar greiðslur, s.s. vegna yfirvinnu, séu hluti hinna umsömdu heildarlauna. Má því ganga út frá því að ef vaktálagsgreiðslurnar eru dregnar frá heildarlauninum standi dagvinnulaunin eftir.

Eins og fram hefur komið kannaðist stefnandi við að hafa unnið á vöktum í samræmi við þá tilhögun sem lýst er í greinargerð stefnda. Þar eru enn fremur gefnar upplýsingar um fjölda klukkustunda sem stefnandi vann að meðaltali í mánuði í hreinni dagvinnu (72,25), fjölda stunda sem hann vann að meðaltali með 33% álagi (53,75) og fjölda stunda sem hann vann með 45% álagi (51,6). Þessar tölur geta staðist miðað við upp gefna vaktatöflu og hafa ekki sætt andmælum af hálfu stefnanda. Eins og fram hefur komið voru umsamin heildarmánaðarlaun stefnanda 340.000 krónur. Miðað við þessar upplýsingar er ljóst að dagvinnukaup stefnanda var 1.555,655 krónur á hverja klukkustund ($340.000 / 72,25 + (53,75 * 1,33) + (51,6 * 1,45) = 1.555,655$). Meðaltalsdagvinnukaup stefnanda nam því samtals 276.284 krónum á mánuði ($((72,25 + 53,75 + 51,6) * 1.555,655 = 276.284,328)$).

Samkvæmt læknavottorðum Þurýjar Óskar Axelsdóttur og vættis hennar fyrir dómi var stefnandi óvinnufær að minnsta kosti út þann tíma sem kröfugerð stefnanda miðast við eða til og með 17. mars 2011. Stefndi hefur ekki hrakið þessa niðurstöðu og ber að leggja hana til grundvallar. Af framangreindu leiðir að stefnandi átti samkvæmt grein 9.2.1 í umræddum kjarasamningi rétt á greiðslu 276.284 króna í dagvinnulaun fyrir febrúarmánuð og 151.511 króna fyrir marsmánuð ($276.284 / 31 * 17 = 151.510,581$). Samtals námu vangreidd slysaun stefnanda því 427.795 krónum.

Fallist er á með stefnanda að hann hafi einnig átt rétt til greiðslu orlofs á hin vangreiddu slysaun, sbr. 1. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof og greinar 5.1.1 í fyrrgreindum kjarasamningi. Nema orlofslaunin 10,17% af hinum vangreiddu slysaunum, eða 43.507 krónum ($427.795 * 0,1017 = 43.506,7515$).

Stefndi krefst þess að frá þessari kröfu dragist greiðslur sem upplýst er að stefnandi hafi fengið úr sjúkrasjóði stéttarfélags síns vegna slyssins. Samkvæmt staðgreiðslufirli ni má þessar greiðslur 491.580 krónum. Þær voru reistar á rétti stefnanda, sem félagsmanns í umræddu stéttarfélagi, til dagpeninga úr sjúkrasjóðnum vegna sjúkdóma og slysa. Samkvæmt reglum sjúkrasjóðsins stofnaðist þessi réttur frá þeim tíma er samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu lauk. Hér háttar svo til að kaupgreiðslum til stefnanda lauk 1. febrúar 2011 þó að hér hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi átt rétt á að njóta þeirra lengur. Ekki verður af framlögðum reglum sjúkrasjóðsins skýrlega ráðið að sjóðurinn geti átt endurkröfur rétt á hendur stefnanda verði fallist á kröfur stefnanda í máli þessu. Til þess getur einungis komið hafi sjóðfélagi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar eða leynt upplýsingum um hagi sína.

Með málshöfðuninni krefur stefnandi stefnda um slysaun í samræmi við kjarasamningsbundinn rétt eftir að uppsagnarfrestur stefnanda var liðinn. Í dómaframkvæmd hefur verið gengið út frá því að bæði laun frá þriðja aðila, sem launamaður aflar á uppsagnarfresti, og atvinnuleysisbætur eigi að koma til frádráttar vangreiddum launum á uppsagnarfresti, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. febrúar 1997 í máli nr. 144/1996 og dóm réttarins frá 19. september 2002 í máli nr. 159/2002. Í þessum málum byggðist launakrafan á samningsbundnum rétti eins og í því tilviki sem hér er til úrlausnar. Með hliðsjón af framangreindu er rétt að þær greiðslur sem stefnandi hefur fengið úr sjúkrasjóði stéttarfélags síns dragist frá kröfu hans um frekari greiðslur frá stefnda. Öndverð niðurstaða myndi leiða til þess að stefnandi væri fjárhagslega betur settur vegna slyssins á kostnað fyrrum vinnuveitanda síns sem við uppsögn stefnanda mátti reikna með að launagreiðslum myndi ljúka 1. febrúar 2011.

Eins og að framan greinir er á það fallist að stefnandi hafi átt kröfu á hendur stefnda um samtals 471.302 krónur í vangreidd slysaun og orlof. Þar sem þessi krafa er lægri en þær greiðslur sem stefnandi hefur fengið úr sjúkrasjóði stéttarfélags síns, sem eins og áður segir nema 491.580 krónum, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af rekstri máls þessa

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Grillhúsið ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, Ívars Arnar Hansen.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Ásmundur Helgason (sign.)